

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 24. október 2019.

Mál nr. 675/2019:

## **Samkeppniseftirlitið**

*(Gizur Bergsteinsson lögmaður)*

**gegn**

**A hf.,**

**C ehf. og**

**D ehf.**

*(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)*

## **Lykilorð**

*Kærumál. Rannsókn. Frávísunarúrskurður staðfestur. Aðfinnslur.*

## **Útdráttur**

*A hf., C ehf. og D ehf. kærðu úrskurð um frávísun héraðsdóms á kröfum þeirra um að úrskurðað yrði að öll rannsókn eða hlutar rannsóknar S á hendur þeim væru ólögmatir og rannsókninni skyldi hætt. Í úrskurði Landsréttar var meðal annars vísað til þess að ekki yrði talið að fyrirtæki gætu borið lögmati rannsóknar S í heild sinni undir dóm á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda ræddi um rannsókn stjórnslumáls en ekki sakamáls í skilningi laganna. Þá ættu A hf., C ehf. og D ehf. þess kost að láta síðar reyna á lögmati rannsóknarinnar með öðrum hætti. Hinn kærði úrskurður var því staðfestur.*

## **Úrskurður Landsréttar**

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

## **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Varnaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 11. október 2019, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 2019 í málinu nr. R-[...]/2019 þar sem vísað var frá dómi kröfu varnaraðila um að rannsókn sóknaraðila á hendur varnaraðilum verði úrskurðuð ólögmat og henni skuli hætt, svo og kröfum varnaraðila í varakröfu og öðrum kröfum að varakröfunni frágenginni um ólögmati og að hætt skuli afmarkaðri hlutum rannsóknarinnar. Í hinum kærða úrskurði var jafnframt hafnað kröfu sóknaraðila um að vísað yrði frá dómi kröfu varnaraðila um að aflétt verði haldi á gögnum sem hald var lagt á við rannsóknina og að afritum gagnanna verði eytt. Um kæruheimild er vísað til t-liðar 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

- 2 Varnaraðilar krefjast þess að hrundið verði þeim hluta hins kærða úrskurðar þar sem kröfum þeirra var vísað frá dómi og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka þær kröfur til efnismeðferðar. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar.
- 3 Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

### **Niðurstaða**

- 4 Í 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur fram að leggja megi fyrir héraðsdóm „ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda“. Sóknaraðili hefur til rannsóknar hvort varnaraðilar og tengd fyrirtæki annars vegar og F hf. og tengd fyrirtæki hins vegar hafi haft með sér ólögmætt samráð á mörkuðum fyrir [...] sem brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með lögum nr. 52/2007 var refsíabyrgð fyrirtækja samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005 afnumin. Eftir þá breytingu hvílir refsíabyrgð vegna ólögmæts samráðs einungis á einstaklingum og hefst rannsókn lögreglu á slíkum brotum með kæru af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Úr ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra verður hins vegar leyst í stjórnslumáli hjá Samkeppniseftirlitinu sem lyktað getur með álagningu stjórnvaldssekta.
- 5 Í 20. gr. samkeppnislaga er að finna heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og til að leggja hald á gögn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal samkvæmt greininni fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Af þessu leiðir að fyrirtæki geta krafist úrskurðar héraðsdóms um þessi atriði á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, þar á meðal um það hvort haldi skuli aflétt, sbr. niðurstöðu hins kærða úrskurðar um það atriði. Ekki verður hins vegar talið að fyrirtæki geti borið lögmæti rannsóknar Samkeppniseftirlitsins í heild sinni undir dóm á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, enda er um að ræða rannsókn stjórnslumáls en ekki sakamáls í skilningi laganna. Dómar Hæstaréttar 30. maí 2012 í málum nr. 356/2012 og 357/2012 breyta engu þar um enda lagareglur sem þar á reyndi ekki sambærilegar um skil ábyrgðar einstaklinga og lögaðila. Þá eiga varnaraðilar þess kost að láta síðar reyna á lögmæti rannsóknarinnar með öðrum hætti.
- 6 Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.
- 7 Það athugast að greinargerð varnaraðila til héraðsdóms, sem telur 40 blaðsíður, var langt úr hófi og málatilbúnaður óskýr. Er þetta aðfinnsluvert.
- 8 Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður, sbr. 3. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008.

### **Úrskurðarorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 10. október 2019

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu varnaraðila 12. september sl., barst Héraðsdómi Reykjavíkur 3. júlí 2019 með bréfi sóknaraðila dagsettu 1. júlí s.á., þar sem farið var fram á úrskurð héraðsdóms á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Sóknaraðilar eru félögin A hf., C ehf., og D ehf., öll til heimilis að [...]. Varnaraðili er Samkeppniseftirlitið, Borgartúni 26, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru aðallega þær að héraðsdómur úrskurði að yfirstandandi rannsókn varnaraðila á ætluðum brotum sóknaraðila, auðkennd með málanúmerunum [...] og [...] hjá varnaraðila, sé ólöglegt og að henni skuli hætt, og að haldi allra þeirra gagna sem hald var lagt á í húsleitum varnaraðila hjá sóknaraðilum og E hf., dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.

Til vara eru þær dómkröfur gerðar að héraðsdómur úrskurði að rannsókn varnaraðila sem grundvallast á gögnum sem hald var lagt á í húsleitum varnaraðila hjá sóknaraðilum og E hf. [...] 2013 og [...] 2014 sé ólöglegt og að henni skuli hætt, og að haldi allra þeirra gagna sem hald var lagt á í húsleitum varnaraðila hjá sóknaraðilum og E hf., dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.

Til þrautavara eru þær dómkröfur gerðar að héraðsdómur úrskurði að rannsókn varnaraðila á sóknaraðilum sé ólöglegt og skuli hætt að því er varðar atvik sem áttu sér stað fyrir [...] 2011, og að haldi allra þeirra gagna sem hald var lagt á í húsleitum varnaraðila hjá sóknaraðilum og E hf., dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.

Til þrautþrautavara eru þær dómkröfur gerðar að héraðsdómur úrskurði að rannsókn varnaraðila á sóknaraðilum sé ólöglegt og skuli hætt að því er varðar atvik sem áttu sér stað fyrir [...] 2009, og að haldi allra þeirra gagna sem hald var lagt á í húsleitum varnaraðila hjá sóknaraðilum og E hf., dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.

Þá er þess í öllum tilvikum krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum hverjum fyrir sig málskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá héraðsdómi en til vara að þeim verði hafnað. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í þessum úrskurði er til úrlausnar aðalkrafa varnaraðila, sem hér er sóknaraðili, um að málinu verði vísað frá dómi. Sóknaraðilar, sem hér eru varnaraðilar, krefjast þess að kröfu um frávísun verði hafnað. Sóknaraðili krefst málskostnaðar að mati dómsins vegna þessa þáttar málsins úr hendi varnaraðila. Varnaraðilar krefjast einnig hver fyrir sig málskostnaðar úr hendi varnaraðila vegna þessa þáttar málsins, þó þannig að ákvörðun um málskostnað verði látin bíða efnisúrlausnar málsins.

### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Forsaga málsins er sú að árið 2010 hóf sóknaraðili í þessum þætti málsins rannsókn á starfsemi varnaraðila, A hf. og dótturfélögum þess, C ehf. og D ehf., auk F hf. og nokkurra smærri fyrirtækja á [...], vegna ætlaðra brota félaganna á samkeppnislögum nr. 44/2005. Hófst rannsóknin á því að sóknaraðili sendi varnaraðilanum A ehf. bréf, dagsett [...] 2010, þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að taka fyrirtækið til athugunar varðandi hugsanleg brot þess á 10. og 11. gr. samkeppnislaga í starfsemi þess á [...].

Árið 2013 réðst sóknaraðili í aðra rannsókn á starfsemi framangreindra fyrirtækja á [...], [...] og tengdri starfsemi og var eldri rannsóknin frá 2010 í kjölfarið sameinuð hinni yngri haustið 2013. Laut rannsókn sóknaraðila að ætluðum brotum varnaraðila og F hf. á 10. gr. samkeppnislaga um bann við ólöglegu samráði fyrirtækja, sbr. einnig 53. gr. EES-samningsins, og 11. gr. laganna, um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sbr. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. og lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

Lögmaður F hf. sendi kvörtun til sóknaraðila [...] 2013 vegna gruns um misnotkun á markaðsráðandi stöðu af hálfu varnaraðilans C ehf., sbr. 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, í tengslum við [...]. Í bréfinu kom fram að miklir hagsmunir væru fólgnir í því fyrir F hf. að sóknaraðili hlutaðist til um rannsókn á háttsemi C ehf. og óskað var eftir því að rannsókn málsins yrði hraðað.

Sóknaraðili krafðist þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur [...] 2013 að honum yrði veitt heimild til húsleitar og haldlagningar gagna á starfsstöðvum varnaraðila og F hf. á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga, sbr. ákvæði 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Auk þess var krafist heimildar til húsleitar á starfsstöð E hf. og afritunar tölvutækra gagna varnaraðila sem kynnu að vera vistuð á slíku formi á starfsstöð fyrirtækisins. Með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. R-[...]/2013 og R-[...]/2013, dagsettum sama dag, var fallist á kröfur sóknaraðila og var leit gerð daginn eftir þar sem meðal annars voru haldlögð gögn og afrit tekin af rafrænum gögnum. Við upphaf leitarinnar afhenti sóknaraðili varnaraðilum bréf, dagsett 10. september 2013, þar sem sakarefni málsins var kynnt og upplýst að til rannsóknar væri meðal annars ætlað ólöglegt samráð á mörkuðum fyrir [...] og [...] og jafnframt var tilkynnt um sameiningu eldri rannsóknarinnar frá 2010 við hina yngri.

Með bréfi sóknaraðila til lögmanns F hf. [...] 2013 var tilkynnt að sóknaraðili myndi ekki taka erindi F hf. frá [...] s.á. til rannsóknar. Um það var vísað til þess að slík rannsókn ynni gegn þeirri rannsókn sem hófst með húsleit hjá varnaraðilum og F hf. [...] 2013 og væri sú rannsókn í forgangi, sbr. 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Af hálfu F hf. var þessari niðurstöðu mótmælt með bréfi til Samkeppniseftirlitsins [...] 2013. Lögmönnum F hf. og varnaraðila var tilkynnt [...] 2014 að rannsókn á ætluðum brotum F hf. hefði verið sameinuð yfirstandandi rannsókn sóknaraðila á því hvort F hf. og varnaraðilar hefðu brotið gegn 10. gr. og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Eftir athugun þeirra gagna, sem aflað var við húsleitir sóknaraðila á starfsstöðvum varnaraðila og F hf. í [...] 2013, beindi sóknaraðili 21. mars 2014 kæru til þáverandi embættis sérstaks saksóknara á grundvelli 42. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með hliðsjón af því að rökstuddur grunur lægi fyrir um að framin hefðu verið alvarleg brot á 41. gr. a. í lögnum. Nánar tiltekið voru ellefu núverandi og fyrrverandi starfsmenn varnaraðila og F hf. kærðir vegna ætlaðra brota gegn 10. gr. samkeppnislaga sem mælir fyrir um bann við ólöglegu samráði milli fyrirtækja.

Sóknaraðili leitaði að nýju eftir heimild Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2014 til húsleitar á starfsstöðvum varnaraðila og F hf., sem og til haldlagningar gagna. Á þær kröfur var fallist með úrskurðum dómstólsins, dagsettum sama dag, í málum nr. R-[...]/2014 og R-[...]/2014. Við upphaf húsleitar hjá varnaraðilum sem fram fór í kjölfarið, var lögmaður þeirra jafnframt upplýstur með bréfi sóknaraðila um að ætluð brot tiltekinna einstaklinga á vegum varnaraðila hefðu verið kærð til lögreglu, sbr. kæru sóknaraðila til embættis sérstaks saksóknara, dagsettrar 21. mars 2014.

Á árunum 2013 til 2015 létu varnaraðilar og F hf. reyna á fjölmörg atriði vegna rannsóknar sóknaraðila, meðal annars fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og með kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Sama dag og fyrri húsleitin fór fram á starfsstöðvum varnaraðila, [...] 2013, kröfðust varnaraðilar aðgang að beiðnum sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur og gögnum sem fylgdu með henni. Sóknaraðili synjaði um aðgang að umræddum gögnum með vísan til rannsóknarhagsmuna og kærðu varnaraðilar þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í [...] 2013 var með úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. [...] /2013 felld úr gildi synjun sóknaraðila um að afhenda áður nefnd gögn og lagt fyrir sóknaraðila að taka á ný afstöðu til kröfu varnaraðila um aðgang að gögnunum.

Við upphaf síðari húsleitar sóknaraðila á starfsstöðvum varnaraðila [...] 2014 afhenti sóknaraðili hluta þeirra gagna er varnaraðilar höfðu krafist í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. [...] /2013, en synjuðu áfram um aðgang að tilteknum gögnum og upplýsingum. Varnaraðilar kærðu á ný til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þá ákvörðun sóknaraðila og lauk því máli með því að ákvörðun sóknaraðila um að synja varnaraðilum um aðgang að þeim gögnum var staðfest að hluta, en lagt fyrir sóknaraðila að veita þeim aðgang að tilteknum gögnum og upplýsingum, sbr. úrskurð nefndarinnar [...] 2014 í máli nr. [...] /2014.

Með bréfi, dagsettu 16. október 2014, kröfðust varnaraðilar þess að fá kæru sóknaraðila til sérstaks saksóknara frá 21. mars s.á. afhenta, ásamt fylgiskjölum. Sóknaraðili hafnaði kröfunni með vísan til 2. másl. 4. mgr. 42. gr. a samkeppnislaga með ákvörðun [...] 2014. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála [...] 2014 í máli nr. [...] /2014 var ákvörðunin felld úr gildi með vísan til þess að synjunin hefði ekki verið byggð á réttum lagagrundvelli. Nánar tiltekið var ekki hægt að mati áfrýjunarnefndarinnar

að byggja synjun um aðgang að gögnum eingöngu á tilvitnuðu lagaákvæði og lagt var fyrir sóknaraðila að taka á ný afstöðu til kröfunnar.

Með ákvörðun [...] 2015 féllst sóknaraðili að hluta til á beiðni varnaraðila um aðgang að gögnum í tengslum við kæru sóknaraðila til embættis sérstaks saksóknara frá 21. mars 2014 vegna ætlaðra brota tiltekinna starfsmanna varnaraðila. Að öðru leyti var aðgangur að upplýsingum í kæru og fylgiskjöllum takmarkaður með vísan til 1. mgr. 42. gr. a. samkeppnislaga, sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála [...] 2015 í máli nr. [...] /2015 var ákvörðun sóknaraðila um að hafna kröfu varnaraðila staðfest. Varnaraðilar beindu kvörtun til umboðsmanns Alþingis árið 2015 þar sem þeir fundu að ýmsu í málsmeðferð og rannsókn sóknaraðila. Að fenginni umsögn sóknaraðila um kvörtun varnaraðila taldi umboðsmaður ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu.

Árin 2015 og 2016 áttu málsaðilar í tíðum bréfaskiptum er vörðuðu fyrst og fremst beiðnir sóknaraðila um gögn og upplýsingar á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og afhendingu varnaraðila á þeim. Þá sendi sóknaraðili viðbótarkærur til embættis héraðssaksóknara 19. desember 2016 og 17. maí 2018 þar sem fleiri einstaklingar voru kærðir fyrir ætluð brot gegn 41. gr. a, sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Málsaðilar áttu svo í enn frekari bréfaskiptum vegna áframhaldandi beiðna sóknaraðila um gögn og upplýsingar frá varnaraðila árin 2017-2019.

Sóknaraðili ritaði andmælaskjal, sbr. 17. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, þar sem greint var frá frummati eftirlitsins á ætluðum brotum varnaraðila og F hf. á ákvæðum samkeppnislaga og var það sent félögunum 6. júní 2018. Að sögn sóknaraðila er andmælaskjalið 890 blaðsíður að lengd og var félögunum með því veittur frestur, sem ítrekað hefur verið framlengdur, til að setja fram sjónarmið sín og eftir atvikum leggja fram ný gögn. Með andmælaskjalinu fylgdi listi yfir þau gögn sem það byggði á og í því var boðað að til stæði að rita annað andmælaskjal til varnaraðila.

Með bréfi varnaraðila, dagsettu 1. júlí 2019, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 3. júlí s.á., kröfðust varnaraðilar úrskurðar á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og eru þær kröfur tilefni máls þessa. Í þessum þætti málsins krefst sóknaraðili frávísunar, en varnaraðilar krefjast þess að frávísunarkröfu verði hrundið.

### **Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila fyrir kröfum sínum til héraðsdóms**

Varnaraðilar byggja aðalkröfu sína um að úrskurðað verði að rannsókn sóknaraðila sé ólögmæt og að henni skuli hætt, sem og að haldi þeirra gagna sem aflað var við húsleitir sóknaraðila á starfsstöðvum varnaraðila og E hf. [...] 2013 verði aflétt, einkum á eftirfarandi fjórum málsástæðum. Í fyrsta lagi hafi sóknaraðili formlega fellt niður mál þetta á hendur varnaraðilum, þar sem varnaraðilum hefði verið tilkynnt að rannsókn sóknaraðila auðkennd með málnúmerinu [...] hefði verið lokað 23. júní 2015. Í öðru lagi hafi sá starfsmaður sóknaraðila sem stýrði rannsókn málsins verið vanhæfur. Í þriðja lagi byggji rannsókn sóknaraðila á gögnum sem lagaheimild hafi ekki staðið til að haldleggja þar sem húsleit og haldlagning gagna hafi verið ólögmæt, en héraðsdómur hafi verið blekkur til veita húsleitarheimildir. Í fjórða lagi sé rannsóknin ólögmæt þar sem brotið hafi verið með alvarlegum hætti gegn stjórnarskrárvörðum réttindum varnaraðila, meðal annars réttinum til réttlátrar málsmeðferðar um að þeir sem sæti rannsókn fái úrlausn mála sinna fyrir réttlátum dómstól innan eðlilegra tímamarka, en að mati varnaraðila hafi rannsókn málsins dregist úr hömlu af hálfu sóknaraðila.

### **Málsástæður og lagarök sóknaraðila fyrir kröfu um frávísun**

Sóknaraðili byggir kröfu sína um frávísun málsins í meginatriðum á því að rannsókn sú er hann hefur til meðferðar á hendur varnaraðilum sé stjórnarsýslurannsókn sem beinist að lögaðila, en sé ekki rannsókn á sakamáli. Sóknaraðili bendir á að rannsóknin beinist að ætluðum brotum varnaraðila á 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, nánar tiltekið á því hvort þeir hafi haft með sér ólögmætt samráð, og á og 53. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um sama efni. Sóknaraðili telur að með kröfu varnaraðila leitist þeir við að koma í veg fyrir að sóknaraðili ljúki rannsókn á því hvort varnaraðilar hafi brotið gegn tilvitnuðum lagaákvæðum.

Þá bendir sóknaraðili á að með lögum nr. 50/2007 hafi refsíabyrgð lögaðila verið afnumin úr samkeppnislögum nr. 44/2005. Verði varnaraðilar fundnir sekir um samkeppnislagabrot geti ekki komið til þess að þeir verði látnir sæta refsingu í málinu, heldur eingöngu stjórnsluviðurlögum í formi sektargreiðslna. Þetta feli jafnframt í sér að rannsókn stjórnvalds á ætluðum brotum lögaðila feli aðeins í sér stjórnslurannsókn en ekki rannsókn sakamáls og því sé útilokað að slíkir lögaðilar verði látnir sæta refsíabyrgð. Sönnunarkröfur stjórnslunnar gildi því við rannsókn ætlaðra brota lögaðila á samkeppnislögum, en þær séu ekki eins strangar og við rannsókn sakamála. Sóknaraðili vekur athygli á því að aðeins séu gerðar tvær undantekningar á þessu í 19. og 20. gr., sbr. 41. gr. b samkeppnislaga, en þær eigi ekki við hér. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili á að rannsókn á ætluðum brotum varnaraðila beinist að 10. gr. laganna sem og 53. gr. EES-samningsins en ekki framangreindum lagagreinum.

Þá byggir sóknaraðili kröfu um að málinu verði vísað frá dómi einnig á því að ákvæði 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, hafi ekki að geyma heimild fyrir varnaraðila til þess að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti rannsóknar í stjórnslumáli. Þaðan af síður hafi ákvæðið að geyma heimild fyrir varnaraðila til þess að fá úrlausn dómstóla um að slíkri rannsókn skuli hætt. Í réttarframkvæmd séu engin dæmi um að fyrirtæki, sem sæti stjórnslurannsókn af hálfu sóknaraðila vegna ætlaðra brota á samkeppnislögum, geti á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála krafist úrskurðar héraðsdóms um að slík rannsókn sé ólögmæt og að henni skuli hætt. Þegar af þessari ástæðu beri að vísa framangreindum kröfum varnaraðila frá héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála er heimilt að leggja fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti „rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda“. Ákvæðið taki því ekki til stjórnslumála, þ.e. mála sem stjórnvöldum séu lögum samkvæmt falin til úrlausnar, enda gildi ólíkar reglur um meðferð og úrlausn stjórnslumála og sakamála. Að því er rannsóknir sóknaraðila snerti segi í 1. mgr. 20. gr. samkeppnislaga að sóknaraðili geti við rannsókn máls gert „nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja“ og „lagt hald á gögn“ þegar ríkar ástæður séu til að ætla að brotið hafi verið gegn lögnum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda. Í 2. mgr. sömu greinar sé kvæðið á um að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Samkvæmt þessu sé gildissvið laga um meðferð sakamála gagnvart aðgerðum sóknaraðila takmarkað við þau ákvæði laganna sem varði „leit og hald á munum“. Af þessu leiði að fyrirtæki, sem sæti því að leitað sé á starfsstað þess eða að gögn þess séu haldlögð og/eða afrituð, geti krafist úrskurðar héraðsdóms um atriði sem varði framkvæmd yfirstandandi húsleitar, að haldi á gögnum sé aflétt eða að afritum gagna, þar með talið rafrænna gagna, sé eytt, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 633/2009. Af þessu leiði hins vegar ekki að fyrirtæki, hvers háttsemi sóknaraðili hafi til rannsóknar, geti á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála krafist úrskurðar héraðsdóms um að slík rannsókn sé í heild sinni ólögmæt og að henni skuli hætt. Í því sambandi skipti ekki máli þótt húsleit, haldlagning eða afritun gagna hafi verið undanfari slíkrar kröfu. Að frátöldum þeim ákvæðum sem varði „leit og hald á munum“ gildi lögin því ekki um rannsóknir og ákvarðanir sóknaraðila.

Þá mótmælir sóknaraðili málsástæðum varnaraðila um að ákvæði 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála feli í sér heimild fyrir þá til að bera undir dómstóla ágreining um lögmæti rannsóknar í heild sinni af formástæðum. Varnaraðilar telji það leiða af 2. mgr. 20. gr. samkeppnislaga að tryggja verði þeim „þau réttindi og úrræði sem kveðið [sé] á um í lögum um meðferð sakamála“. Í þessu sambandi vísi varnaraðilar til þess að þeir hafi sætt úrræðum laganna og af „þeirri ástæðu einni“ gildi lögin, þar með talið 102. gr. þeirra, um rannsókn sóknaraðila. Þá mótmælir sóknaraðili þeirri túlkun varnaraðila, sem fram komi í kröfu þeirra um að réttur varnaraðila samkvæmt 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttamála Evrópu feli það í sér að tryggja verði þeim sömu úrræði og sakborningur njóti eftir íslenskum lögum, sem röngum og haldlausum. Sóknaraðili bendir á að dómstólar eigi fullt endurskoðunarvald um stjórnsluviðurlög sem lögaðilar séu beittir og teljist vera refsing í skilningi mannréttindasáttamála Evrópu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 277/2015. Þá komi fram í 40. gr. samkeppnislaga að heimilt sé að bera ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um stjórnvaldssektir undir dómstóla, að fengnum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Varnaraðilar geti ekki sneitt hjá þessum lagaákvæðum með því að beina þegar í stað

kröfu til dómstóls á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008, um að rannsókn sóknaraðila verði hætt áður en ákvörðun um beita stjórnsluviðurlögum hafi verið tekin.

Sóknaraðili hafnar ennfremur þeirri lögskýringu sem varnaraðilar telji að leggja eigi til grundvallar og feli í sér að fyrirtæki, hvers háttsemi sóknaraðili rannsaki, geti á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála krafist úrskurðar héraðsdóms um að rannsóknin sé í heild sinni lýst ólögmat af „formástæðum“, enda þótt slíkar ástæður varði ekki með nokkrum hætti að sóknaraðili hafi vikið frá ákvæðum laganna um leit og hald á munum. Þannig telji varnaraðilar m.a. að ákvæðið veiti þeim heimild til að krefjast úrskurðar héraðsdóms um það hvort starfsmenn sóknaraðila séu vanhæfir, sbr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Við blasi að slík lögskýring samræmist hvorki orðalagi né tilgangi 2. mgr. 20. gr. samkeppnislaga.

Heimildin í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála hafi áður verið í 75. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í dómum Hæstaréttar 30. maí 2012 í málum nr. 356/2012 og 357/2012 sé bent á að síðarnefnda ákvæðið hafi verið skýrt á þann veg að unnt sé að bera undir dómstóla ágreining um lögmæti rannsókna í heild sinni. Um það sé vitnað til dóma réttarins 15. desember 2006 í máli nr. 637/2006 og 23. janúar 2007 í máli nr. 661/2006 og tekið fram að í báðum tilvikum hafi verið deilt um hvort rannsókn væri ólögmat af formástæðum. Sóknaraðili bendir á að í báðum þessum tilvikum hafi verið um að ræða rannsókn lögreglu. Þá skipti höfuðmáli að í fyrrgreindum dómum Hæstaréttar í málum nr. 356/2012 og 357/2012 hafi verið til umfjöllunar brot á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál en viðurlög við brotum á þeim lögum geti varðað hvort tveggja sektum eða fangelsi, sbr. 16. gr. laganna. Því sé ekki fyrir að fara hér.

Í ljósi þess að heimildin í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála sé bundin við rannsóknarathafnir lögreglu og ákæranda og að 2. mgr. 20. gr. samkeppnislaga takmarki gildissvið fyrrnefndu laganna gagnvart aðgerðum sóknaraðila við þau ákvæði þeirra sem varði „leit og hald á munum“, sé útilokað að líta svo á að varnaraðilar geti krafist úrskurðar héraðsdóms um að rannsókn sóknaraðila í heild sinni sé ólögmat og að henni skuli hætt. Skipti í því sambandi ekki máli hvort þeir telji að rannsóknin sé ólögmat af form- eða efnisástæðum. Að mati sóknaraðila hefði þurft að taka skýrt fram í lögum ef fyrirtæki sem sætti rannsókn sóknaraðila í stjórnslumáli ætti að hafa sömu heimild og sakborningur til að láta reyna á rannsóknarathafnir lögreglu eða ákæranda samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Sóknaraðili vekur athygli á því að þrautavarakrafa varnaraðila og krafa þeirra til ítrustu vara um að úrskurðað verði að rannsókn sóknaraðila sé ólögmat og að henni skuli hætt, að því er varði atvik fyrir 6. júní 2011 annars vegar og 22. september 2009 hins vegar, séu á því reistar að ætluð brot þeirra séu að hluta til fyrnd. Kröfurnar séu því reistar á efnis- en ekki formástæðum og samræmist því ekki afstöðu varnaraðila sjálfra um hvernig skýra beri 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

Samkvæmt öllu framansögðu beri að vísa frá héraðsdómi kröfum varnaraðila um að úrskurðað verði að rannsókn sóknaraðila sé ólögmat og að henni skuli hætt.

Þá krefst sóknaraðili einnig frávísunar á kröfum varnaraðila um að úrskurðað verði á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála að aflétta skuli haldi á þeim gögnum sem sóknaraðili hafi lagt hald á við áður nefndar húsleitir hjá varnaraðilum og E hf. og að afritum þeirra skuli eytt. Sóknaraðili bendir á að í ljósi þess að hann hafi fyrir margt löngu aflétt haldi á öllum gögnum varnaraðila verði að líta svo á að kröfur varnaraðila beinist í reynd að heimild sóknaraðila til þess að halda afritum gagnanna og afritum rafrænna gagna sem hann hafi tekið við húsleitirnar.

Þegar litið sé til þess að sóknaraðili hafi lagt hald á gögn og tekið afrit af rafrænum gögnum á grundvelli úrskurða Héraðsdóms Reykjavíkur verði ágreiningur um heimild hans til að halda afritum gagnanna ekki lagður nú fyrir héraðsdóm á þeim grundvelli að í upphafi hafi skort skilyrði til þess að taka kröfur hans þar um til greina. Með því að leysa úr slíkum ágreiningi tæki héraðsdómur að nýju afstöðu til þess hvort heimila hafi átt varnaraðila að gera húsleitir og haldleggja eða afrita gögn hjá sóknaraðilum og E hf. Slíkar kröfur verði að mati sóknaraðila ekki gerðar á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

Með því að leysa úr kröfu sem reist sé á slíkri málsástæðu væri brotið gegn þeirri reglu að dómstólar leysi ekki úr kröfu um lögmati rannsóknaraðgerðar sem þegar hafi farið fram, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 177/2002 og 178/2002. Samkvæmt framansögðu geti sóknaraðilar ekki nú beitt 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála til þess að leita úrlausnar héraðsdóms um kröfur sem séu reistar á því að lagaskilyrði hafi skort fyrir héraðsdómara til þess að heimila húsleit og haldlagningu og/eða afritun gagna hjá varnaraðilum og E hf., enda hafi rannsóknaraðgerðir þessar þegar farið fram.

Varnaraðilar geri ekki kröfu um að afritum nánar tilgreindra gagna verði eytt á þeim grundvelli að þau sé þýðingarlaus fyrir rannsóknina, sbr. um slíkar kröfur dóma Hæstaréttar 26. nóvember 2009 í máli nr. 633/2009 og 30. maí 2012 í málum nr. 356/2012 og 357/2012. Samkvæmt framansögðu beri að vísa frá héraðsdómi kröfum sóknaraðila um að haldi á gögnum skuli aflétt og að afritum gagna skuli eytt.

### **Málsástæður og lagarök varnaraðila gegn kröfu um frávísun**

Varnaraðilar krefjast þess að kröfu sóknaraðila um að málinu verði vísað frá dómi verði hafnað. Að mati varnaraðila snýst þessi þáttur málsins um það hvort mögulegt sé að bera undir dóm kröfu á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008 um að úrskurðað verði að rannsókn á borð við þá sem sóknaraðili hefur með höndum, sé ólögmat og að henni skuli hætt, auk þess að haldi gagna verði aflétt. Að mati varnaraðila sé ljóst að mögulegt sé að gera slíka kröfu á grundvelli tilvitnaðrar lagagreinar og jafnframt beri nauðsyn til þess í réttarríki að slíkt sé mögulegt, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hafna varnaraðilar málsástæðu sóknaraðila um að sú staðreynd að hann geti aðeins beitt varnaraðila stjórnsluviðurlögum á borð við sektargreiðslur, standi í vegi því að hægt sé að beita 102. gr. um framangreindar dómkröfur varnaraðila. Af hálfu varnaraðila er því málsástæðum sóknaraðila um framangreint öllum mótmælt, sem og málavaxtalýsingu í greinargerð hans.

Í þessu sambandi byggja varnaraðilar á því að vinnubrögð sóknaraðila í málinu séu fordæmalaus en við rannsókn málsins hafi hann lagt hald á um 16 milljónir málskjala sem séu allt frá árinu 1998. Að mati varnaraðila sé málsmeðferðartíminn þannig orðinn óhóflegur en eftir tæplega 10 ára rannsókn liggja enn ekki fyrir neitt endanlegt sakarefni í málinu, hvað þá stjórnvaldsákvörðun um að sekta varnaraðila. Þessi atriði eigi þó ekki að koma í veg fyrir að varnaraðilar geti krafist úrskurðar um að rannsóknin verði metin ólögmat.

Þá benda varnaraðilar á að allur málflutningur sóknaraðila í málinu sé villandi og telja þeir að héraðsdómur hafi á sínum tíma verið blekktur til að veita heimildir til húsleitar og haldlagningar gagna með úrskurðum [...] 2013. Sem dæmi um þetta benda varnaraðilar á að sóknaraðili hafi ekki upplýst dóminn um að F hf. hafi beint kvörtun til sóknaraðila árið 2013 sökum ætlaðs brots varnaraðila á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Varnaraðilar telja þá staðreynd ótvírætt vera til marks um að félögin hafi ekki átt í ólögmatu samráði.

Um þá málsástæðu að rannsókn málsins hafi dregist úr hömlu benda varnaraðilar enn fremur á að verulega íþyngjandi sé fyrir þá að sæta slíkri rannsókn svo árum skipti og ótækt sé að þeir verði látnir bíða svo lengi án þess að sóknaraðili komist að neinni niðurstöðu í málinu. Þá byggja varnaraðilar einnig á því að við rannsókn málsins hafi verið brotið gegn réttindum þeirra með alvarlegum hætti og að heimild til að bera endanlega ákvörðun sóknaraðila undir dómstóla sé ekki nægjanleg til að tryggja réttindi þeirra. Varnaraðilar telja að af afstöðu sóknaraðila í málinu leiði að hægt sé að brjóta gegn réttindum þeirra út í hið óendanlega, án nokkurra afleiðinga.

Varnaraðilar byggja aðalkröfu sína í þessum þætti málsins á því að skýr heimild sé í lögum til að leggja megi fyrir héraðsdóm ágreining um lögmati einstakra rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, sbr. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Sóknaraðila sé falið ákveðið vald á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og af því leiði að 2. mgr. 102. gr. taki til krafna varnaraðila á hendur sóknaraðila. Um þetta vísa varnaraðilar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 633/2009 í máli Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu, þar sem kröfu Samkeppniseftirlitsins um frávísun málsins var hafnað. Sem og til dóma Hæstaréttar í málum nr. 356/2012 og 357/2012 í málum Seðlabankans hf. gegn nánar tilgreindum einstaklingum. Varnaraðilar benda á að í öllum málunum þremur hafi verið gerð krafa um afléttingu halds

á gögnum með því að afritum haldlagðra gagna yrði eytt og sætti sú krafa ekki frávisun í neinu framangreindra mála.

Þá vísa varnaraðilar til þess að dómur Hæstaréttar í máli nr. 633/2009 sé skýr um að heimilt sé að leita úrlausnar dómstóla varðandi kröfu um eyðingu afrita haldlagðra gagna, sbr. einnig dóma Hæstaréttar í málum nr. 178/2002, 487/2003 og 469/2014, en varnaraðilar gera slíka kröfu í öllum liðum dómkrafna sinna.

Þá byggja varnaraðilar kröfur sínar um að frávisun málsins verði hafnað einnig á því að skýr lagastoð sé fyrir því að unnt sé að bera undir dómstóla kröfu um að rannsókn sóknaraðila verði úrskurðuð ólögmat í heild sinni. Um það vísa þeir til dóma Hæstaréttar í málum nr. 637/2006 og 661/2006 sem og dóma réttarins í málum nr. 356/2012 og 357/2012. Í báðum fyrrgreindum dómum frá árinu 2006 hafi verið deilt um hvort rannsókn máls væri ólögmat af formástæðum. Varnaraðilar byggja á því að sama álitafefni sé fyrir hendi í máli þessu, enda teljist þær fjórar málsástæður sem þeir tefli fram aðalkröfu sinni til stuðnings um að rannsókn sóknaraðila verði úrskurðuð ólögmat og að henni skuli hætt, til slíkra formástæðna. Af framangreindum sökum beri að hafna kröfu sóknaraðila um að vísa málinu frá dómi, þar sem skýr fordæmi séu fyrir hendi um heimild varnaraðila til kröfugerðar á þessum grundvelli og sé sú heimild að mati varnaraðila nauðsynlegur öryggisventill í málum af þessu tagi.

### **Niðurstaða**

Í þessum þætti málsins er til úrlausnar ágreiningur aðila um hvort taka megi kröfur varnaraðila til meðferðar fyrir dómi á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í fyrsta lagi kröfu um að rannsókn sóknaraðila verði úrskurðuð ólögmat og að henni skuli hætt, en sú krafa lýtur að afmarkaðri hlutum rannsóknar í vara-, þrautavara-, og þrautþrautavarakröfu varnaraðila. Í öðru lagi kröfu varnaraðila um að haldi allra þeirra gagna, sem haldlögð voru í húsleitum sóknaraðila hjá varnaraðilum og E hf. dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um frávisun málsins í meginatriðum á því að rannsókn sú er hann hefur til meðferðar á hendur varnaraðilum sé stjórnáskýr rannsókn en ekki rannsókn á sakamáli og að ákvæði 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála hafi ekki að geyma heimild fyrir varnaraðila til þess að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti rannsóknar í stjórnáskýrumáli.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að frávisunarkröfu verði hrundið. Vísar varnaraðili meðal annars til þess að fjölmörg dómafordæmi sýni fram á að heimilt sé að bera kröfu um lögmæti rannsóknarathafna undir dóm á þessum grundvelli. Einnig byggja varnaraðilar á því að heimilt sé að bera ágreining um lögmæti rannsóknar lögreglu í heild sinni undir dóm á grundvelli 2. mgr. 102. gr., sem og lögmæti rannsókna annarra stjórnvalda.

Í 1. málslíð 2. mgr. 102. gr. laganna segir að leggja megi fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda. Ákvæðið, sem er samhljóða 75. gr. eldri laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, hefur verið skýrt svo í dómaframkvæmd að heimilt sé að bera ágreining um lögmæti rannsóknar lögreglu eða ákæranda í heild sinni undir dóm á grundvelli ákvæðisins. Lögmæti rannsóknarathafnar sem farið hefur fram, eða ástands sem liðið er undir lok, verður ekki borið undir héraðsdóm á grundvelli ákvæðisins.

Samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er hlutverk Samkeppniseftirlitsins (sóknaraðila) að framfylgja boðum og bönnum laganna og leyfa undanþágur samkvæmt þeim, sem og að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja. Sóknaraðili ákveður hvort erindi sem berist stofnuninni gefi nægar ástæður til rannsóknar, sbr. 3. mgr. 8. gr. laganna. Í 19. gr. laganna er kveðið á um heimildir sóknaraðila til að krefja einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lögin taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í 20. gr. er mælt fyrir um heimildir sóknaraðila til að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og leggja hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögunum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda. Í 2. mgr. 20. gr. laganna segir að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um leit og hald á munum.

Í 37. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um heimildir sóknaraðila til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, séu þau fundin sek um að brjóta gegn 10. eða 12. gr. laganna, sem og 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. a- og j-lið 1. mgr. 37. gr. laganna. Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. má skjóta ákvörðun sóknaraðila um slíkar sektir til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í 40. gr. samkeppnislaga kemur fram að ákvörðun sóknaraðila verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggja fyrir, en mál til ógildingar úrskurðar áfrýjunarnefndar má þá höfða fyrir dómstólum innan sex mánaða, sbr. 41. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili hefur enn til rannsóknar hvort beita eigi varnaraðila slíkum stjórnsýsluviðurlögum, sbr. fyrrgreinda 37. gr. laganna.

Brot gegn samkeppnislögum sæta samkvæmt 42. gr. laganna aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kærri sóknaraðila. Brot lögaðila á samkeppnislögum sæta nú almennt ekki eiginlegum refsingum, í samræmi við það markmið laga nr. 52/2007, um breytingu á samkeppnislögum, að afnema refsíabýrgð fyrirtækja. Í frumvarpi til breytingalaganna segir í athugasemdum um breytingar á 42. gr., að þar sem mál er varði ábýrgð fyrirtækja á brotum gegn samkeppnislögum verði einungis rannsökuð og lokið hjá sóknaraðila, muni kærur hans til lögreglu einungis koma til í málum er varði meinta refsíabýrgð einstaklinga. Svo sem að framan var rakið hefur héraðssaksóknari fengið til rannsóknar kærur sóknaraðila vegna meintra refsiverðra brota einstaklinga gegn samkeppnislögum, sem tengjast þeirri rannsókn sem sóknaraðili hefur með höndum á málefnum varnaraðila, og lýst er í sérstökum kafla hér að framan. Sú rannsókn sóknaraðila hefur ekki beinst að brotum sem unnt er að gera varnaraðilum refsingu fyrir og hefur engum kærur verið beint til lögreglu vegna ætlaðra brota varnaraðila.

Um heimild varnaraðila til að bera kröfur sínar, um úrskurð um að rannsókn sóknaraðila sé ólögumæt og að henni skuli hætt, undir dóm á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála skiptir máli hvort fyrirliggjandi rannsókn á varnaraðilum verður talin rannsókn sakamáls í skilningi laga um meðferð sakamála. Nærtækt er við þá greiningu að líta til ritsins Sakamálaráttarfar eftir Eirík Tómasson fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Þar segir m.a. að ef rannsókn stjórnvalda miðast við það eitt að sá eða þeir sem brotlegir kunni að vera verði beittir stjórnsýsluviðurlögum, án þess að mál kunni að verða höfðað á hendur þeim fyrir dómstólum, verði hún ekki talin rannsókn í skilningi laga um meðferð sakamála. Þá geti rannsókn stjórnvalda á atvikum sem kunni að hafa falið í sér eða hafa tengst refsiverðri háttsemi ekki talist sakamálarannsókn. Í umfjöllun um 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála í sama riti kemur fram að heimild til að bera lögmæti rannsóknar í heild eða einstakra rannsóknaraðgerða undir dómstóla sé einskorðuð við mál sem enn sé á rannsóknarstigi. Þar segir að heimildin sé bundin við það að um sé að ræða rannsókn sakamáls eða einstakar aðgerðir í þágu hennar, þannig að aðgerðir eða athafnir stjórnvalda, sem ekki tengjast rannsókn sakamála, verði ekki bornar undir dómstóla í rannsóknarmáli á þessum grundvelli. Á hinn bóginn sé ekkert því til fyrirstöðu að sá sem hagsmuna hafi að gæta höfði sérstakt einkamál til að fá skorið úr lögmæti slíkra aðgerða.

Í ljósi þess sem að framan er rakið þykir sýnt að lögmæti þeirrar rannsóknar sem sóknaraðili fer með samkvæmt lögmæltu hlutverki sínu á ætluðum samkeppnislaga brotum varnaraðila, verður ekki borið undir dóm á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála, einkum í ljósi þess að viðurlög við ætluðum brotum þeirra varða ekki eiginlegri refsingu, heldur einungis stjórnvaldssektum, sbr. fyrrgreint ákvæði 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Að þessu virtu ber að fallast á það með sóknaraðila að vísa beri frá dómi þeirri kröfu varnaraðila, að rannsókn sóknaraðila verði úrskurðuð ólögumæt og að henni skuli hætt. Á það jafnt við um þá afmörkun kröfunnar sem sett er fram í aðalkröfu og við þær aðrar útgáfur af henni, sem gerðar eru til vara, þrautavara og þrautþrautavara.

Fyrir liggur að sóknaraðili lagði hald á gögn á starfsstöðvum varnaraðila og hjá E hf. á grundvelli úrskurða Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] 2013 og frá [...] 2014, sbr. og heimildir í 1. mgr. 20. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkvæmt sérákvæðum í 2. mgr. 20. gr. samkeppnislaga gilda ákvæði laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, við framkvæmd aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 20. gr. samkeppnislaga, þar á meðal um leit og haldlagningu gagna. Í fyrrgreindu fræðiriti er fjallað sérstaklega um þetta sérákvæði og vísað til þess að oftsinnis hafi á það reynt fyrir

dómstólum, m.a. í dómi Hæstaréttar í máli nr. 633/2009. Varnaraðilar krefjast þess að sóknaraðila verði gert að aflétta haldi af þeim gögnum sem haldlögð voru við húsleitir sóknaraðila og að afritum þeirra skuli eytt. Í málatilbúnaði sóknaraðila fyrir dómi kom fram að frumgögnum sem hald var lagt á hefði verið skilað til varnaraðila. Einungis afrit þeirra gagna, sem og gögn á rafrænu formi, væru enn í vörslum sóknaraðila. Af hálfu varnaraðila hefur þessu ekki verið mótmælt. Þannig verður að líta svo á að þessi krafa varnaraðila lúti eingöngu að því að sóknaraðila verði gert að eyða afritum umræddra gagna.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 3. mgr. 69. gr. laganna er varnaraðila heimilt að leita úrlausnar dómstóla um að kröfu um að afritum haldlagðra gagna skuli eytt, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í máli nr. 633/2009. Verður því hafnað fyrirbyggjandi kröfu sóknaraðila um að vísað verði frá dóminum kröfu varnaraðila um afléttingu halds og eyðingu afrita af gögnum. Ákvörðun um málskostnað bíður efnismeðferðar um þá kröfu.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Vísað er frá dómi kröfu varnaraðila, A hf., C ehf. og D ehf., um að héraðsdómur úrskurði að yfirstandandi rannsókn sóknaraðila, Samkeppniseftirlitsins, auðkennd með málanúmerunum [...] og [...] hjá sóknaraðila, á ætluðum brotum varnaraðila, sé ólögmet og að henni skuli hætt, svo og kröfum í vara-, þrautavara- og þrautaþrautavarakröfu varnaraðila um úrskurð um ólögmeti og að hætt skuli afmarkaðri hlutum rannsóknarinnar.

Hafnað er kröfu sóknaraðila um að vísað verði frá dómi kröfu varnaraðila, um að haldi allra þeirra gagna sem hald var lagt á í húsleitum sóknaraðila hjá varnaraðilum og E hf., dagana [...] 2013 og [...] 2014, skuli aflétt og afritum þeirra eytt.